

From: Kristinn Jónasson <kristinn@snb.is>
Sent: Thursday, October 20, 2022 3:25 PM
To: Birgir Gunnarsson <Birgir.Gunnarsson@kirkjan.is>
Subject: Vegna fyrirhugaðar heimildar um að selja prestbústaðinn í Ólafsvík

Sæll Birgir.

Takk fyrir símtalið og þínar útskýringar.

Ég vil í framhaldi af því koma inn á nokkur atriði sem mér finnst skipta máli í þessu sambandi er varðar fyrirhugaða heimild til að selja prestbústaðinn í Ólafsvík.

Fulltrúar sóknaneftendanna kom að máli við mig og lýstu miklum áhyggjum af því að fyrir Kirkjupingi sé tillaga um heimild til að selja prestbústaðinn í Ólafsvík.

Aðeins til að skýra út hvers vegna fólk er svona áhyggjufull vegna húsnæðisins, þá má rekja það m.a. til þess að læknaþústaðurinn í Ólafsvík var seldur fyrir stuttu og nú er svo komið að rætt er um að kaupa annað hús þar sem erfiðlega hefur gengið að fá lækni á svæðið og m.a. talið að ástæðan sé sú að ekki sé í boði viðunandi húsnæði.

Fasteignamarkaðurinn hér er frekar erfiður þ.e. mikil skortur er á húsnæði og nánast ekkert húsnæði til sölu eða leigu.

Rétt er að nefna það að kirkjustarfið hjá okkur hefur verið í lægð undanfarin ár og virkni meðal safnaðarfólks hefur verið mjög lítil.

Nú í haust tók Aðalsteinn prestur í Grundarfirði að sér að leysa hér af og gaman er að sjá hvað starfið er allt að eflast til muna svo eftir er tekið.

Búið er að ákveða að auglýsa eftir presti og finnst okkur mikilvægt að haldið verði vel utan um nýjan prest sem kemur til okkar og er húsnæðismálin eitt að því sem skiptir máli þegar fólk velur sér búsetu.

Ég held að mikilvægt sé að skoða hvert mál fyrir sig og þá út frá landfræðilegum staðreyndum og hér háttar til eins og komið hefur fram að fasteignamarkaðurinn er ekki auðveldur og gæti orðið hindrun fyrir fólk að koma á svæðið.

Að lokum vil ég nefna það að mér þykir vænt um að forsvarsfólk í kirkjunni leiti til mín, um aðstoð með sín mál, því mikilvægi kirkjunnar á hverju stað er mikið vanmetið að mínu mati, sterkt kirkjustarf hjálpar hverju samfélagi.

Kveðja / Regards

Kristinn Jónasson
Bæjarstjóri Snæfellsbæ
E-mail: kristinn@snb.is
Farsími: 894-7575

Snæfellsbær
Klettsbúð 4, Hellissandi
360 Snæfellsbær
<http://www.snb.is/>

Sími: +354-433-6900

Fax: +354-433-6901

